

Góðan dag.

Bæjarráð Akureyrar hefur á fundi sínum 24. janúar 2019 bókað eftirfarandi:

**2018100186 - Samgönguáætlanir fyrir árin 2019-2023 og 2019-2033**

*Umræður um veggjöld.*

Bæjarráð lýsir yfir stuðningi við að kannaðar verði og útfærðar leiðir til að nýta veggjöld sem lið í að hraða uppbyggingu vegakerfis í landinu, stytta vegalengdir, auka umferðaröryggi og fækka slysum. Bæjarráð hvetur umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis til að útfæra þær hugmyndir sem koma fram í minnisblaði meirihluta nefndarinnar dagsettu 19. desember 2018 og taka þá sérstaklega tillit til jafnræðis á öllum sviðum, ekki síst milli byggða landsins. Bæjarráð Akureyrar telur að stytting leiða milli Norður- og Austurlands annars vegar og Norðurlands og suðvesturhornsins hins vegar séu tilvalin verkefni til að nýta veggjöld til fjármögnunar á löngu tímabærum úrbótum. Bæjarráð fagnar því enn fremur að gera eigi langtímaáætlun um jarðgöng á Íslandi og telur veggjöld við nýframkvæmdir þeirra tilvalda leið til útfærslu.

Fundargerðina í heild sinni ásamt fylgiskjólum með fundarliðum er hægt að nálgast á <https://www.akureyri.is/is/stjornkerfi/stjornsysla/fundargerdir/baejarrad/11014>

Fyrir hönd bæjarráðs,

Skjalasafn Akureyrarbæjar  
Geislagötu 9, 600 Akureyri  
S: 460 1160